

Minnisblað

Til: Fræðslunefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 10. febrúar 2022
Mnr. 2021040074



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - leikskólastjóri á Flateyri

Þann 10. maí 2021 samþykkti bæjarráð erindi Kristbjargar Sunnu Reynisdóttur, þáverandi skólastjóra Grunnskóla Öfundarfjarðar og leikskólans Grænagarðs, um að auglýst yrði eftir leikskólastjóra fyrir Grænagarð. Samþykkt var að ákvörðunin yrði endurskoðuð að ári liðnu.

Ráðinn var menntaður leikskólakennari með langa starfsreynslu í leikskólum sem tók til starfa í byrjun ágúst sl. Er mikil ánægja með hennar störf af hálfu starfsmanna, foreldra og sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs. Aðgerðin hafði ekki kostnaðaraukandi áhrif fyrir sveitarfélagið og hefur faglegt starf á leikskólanum aukist til muna. Nýi leikskólastjórinn hefur lagt áherslu á að efla málproska leikskólabarnanna með góðum árangri, en skimanir hafa verið að koma betur út en áður. Sú aðgerð er vissulega áskorun því leikskólastjórinn er eini starfsmaðurinn á leikskólanum sem er með íslensku sem móðurmál.

Þegar bæjarráð leitaði eftir afstöðu fræðslunefndar um þetta mál lagði hún áherslu á að áfram yrði faglegt samstarf á milli grunn- og leikskólans á Flateyri. Það hefur verið virt og fara verðandi 1. bekkingar (elstu börnin á leikskólanum) tvisvar sinnum í viku í heimsókn í grunnskólann og sitja þar nokkrar kennslustundir. Jafnframt má nefna að þegar grunnskólinn gat ekki mannað frístundastarfið eftir skóla, tímabundið, leysti leikskólastjórinn málið með því að fá börnin til sín í leikskólann. Eru þetta dæmi um traust og faglegt samstarf á milli skólastiga.

Aðspurð segist leikskólastjóri Grænagarðs hafa áhuga á að halda áfram í sínu starfi ef Ísafjarðarbær ákveður að viðhalda þessu fyrirkomulagi.

HG